

Leikskólinn Krílabær
Litlulaugum Þingeyjarsveit
650 Laugar
s.4643315/8420050
krilabaer@thingeyjarskoli.is

Febrúar fréttabréf 2024

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
				1 Fiskilummur	2 mjólkurgrautur	3
4	5 Kjöt í karrý	6 Steiktur fiskur Dagur leikskólans	7 Hakk og spaghetti Leikskólinn lokar kl. 15:00	8 plokkfiskur	9 Skyr og brauð	10
11	12 Fiskibollur Bolludagur	13 Saltkjöt og baunir sprengidagur	14 Blómkálssúpa og brauð öskudagur	15 snitsel	16 Jógúrt og brauð	17
18	19 Leikskólinn lokaður Starfsdagur/foreldra viðtöl	20 Soðinn fiskur	21 Svikinn héri	22 slátur	23 mjólkurgrautur	24
25 Konudagur	26 Steiktur fiskur Konudagskaffi Kl.15-16	27 Pasta að hætti kokksins	28 bleikja	29 Hangikjöt		

Alla morgna er boðið uppá hafragraut, 2 tegundir kornmetis, súrmjólk, lýsi, rúsínur, mjólk og vatn. Grænmeti er borið fram með öllum mat í hádeginu.

Í nónhressingu er boðið uppá heimabakað brauð, hrökkbrauð, álegg, mjólk, vatn og ávexti. Einn dag í viku er einnig boðið sætabrauð.

Á íþróttadögum er gott að koma í stuttbuxum undir dagklæðnaði og eins er gott að dagklæðnaður sé þægilegur til íklæðslu fyrir börnin að íþróttum loknum

Viðburðadagar

6.febrúar er merkisdagur í sögu leikskóla, en á þeim degi árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara með sér sín fyrstu samtök og í leikskólum landsins er þessi dagur haldinn hátíðlegur með ýmsu móti og það ætlum við að gera með litla hópnum okkar.

Markmið með degi leikskólans er að stuðla að jákvæðri umræðu um leikskólastarf og beina athygli samfélagsins að því faglega og metnaðarfulla starfi sem innt er af hendi í leikskólum landsins á hverjum degi.

Kjörorð okkar er, við bjóðum góðan dag-alla daga

Að venju heiðrum við þá bræður, **bolu-sprengi og öskudag**. Með boluáti, sprengjum okkur á saltkjöti og baunum og klæðum okkur í búninga á öskudaginn og sláum köttinn úr tunnunni og leikum okkur á öskudaginn.

Mánudaginn 19.febrúar er starfsdagur í leikskólanum og þann dag munum við boða ykkur í viðtöl þar sem við viljum heyra hvað ykkur finnst um það sem við erum að gera hvað þið eruð ánægð með og hvað ykkur finnst mega betur fara. Við munum gefa ykkur tíma og ef hann hentar ekki finnum við annan í sameiningu.

Því miður þá fór villa inn á skóladagatal leikskólans sem varð til þess að bónda – og konudagur eru rangt skráðir en þann 26.febrúar þá ætlum við að bjóða í **konudagskaffi** og þá mega börnin bjóða þeim konum sem þau vilja í nónhressingu hjá okkur frá kl. 15-16.

fréttabréf febrúarmánaðar

Símasamband

Við höfum heyrt að það reynist erfitt að ná í okkur í síma, því veldur lág hringing á fastlínu símanum okkar sem okkur hefur ekki tekist að hækka í, þ.e. símanúmerið 4643315, því viljum við benda ykkur á að hringja í farsímamann okkar þar er símanúmerið **8420050**

Tónlist og söngur

Í tónlistinni erum við að syngja hina hefðbundnu vetrar-þorra söngva, s.s. Þorraþræl (1.erindi) Frost er úti fuglinn minn, krummi svaf í klettagjá, svo syngjum við líka um Krúsílius, leit ég litla mús, og fl. og fl.

Allt eru þetta lög sem tilvalið er að syngja í bílnum á leið í leikskólann og við hin ýmsu tækifæri til að hjálpa við að læra textana



TMT

Þau tákni sem bæst hafa við í TMT eru

Sokkabuxur, pils, kjóll, regnföt, fötin, bleia, smekkur, peysa, jakki.

Upplýsingar um þau má finna í fataherbergi/forstofu og inn á deild.

Einnig eru þau inn á heimasíðu TMT.is

